

**Drög að skýrslu Íslands vegna fjórðu
allsherjarúttektar Sameinuðu þjóðanna á
stöðu mannréttindamála**

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur	3
A. Þátttaka Íslands í allsherjarúttekt á stöðu mannréttindamála.....	3
B. Undirbúningur og samráð	3
2. Innleiðing tilmæla frá síðustu úttekt	4
A. Mannréttindavernd á Íslandi.....	4
Alþjóðlegar skuldbindingar og samstarf	4
Innlend mannréttindastofnun og landsáætlun um mannréttindi	5
Lýðræði og réttlát málsmeðferð	6
B. Jafnræði og bann við mismunun	6
Jafnrétti kynjanna.....	7
Staða kvenna á vinnumarkaði.....	7
Staðalímyndir og fræðsla.....	7
Kynþáttamisrétti og vernd viðkvæmra hópa	8
C. Kynbundið ofbeldi	9
Stefnumótun og samhæfing	9
Forvarnir og vitundarvakning.....	10
Aðgengi þolenda að réttarkerfinu og úrræðum	11
Rannsókn og saksókn	12
D. Bann við pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri og vanvirðandi háttsemi	12
E. Mansal og vændi.....	12
F. Skoðana- og tjáningarfrelsi	14
G. Félagslegt öryggi og velferð	14
H. Menntun.....	14
I. Réttur til heilsu.....	16
J. Börn og fjölskyldur	16
Vernd barna	17
K. Fatlað fólk.....	18
L. Innflytjendur, flóttafólk og fólk í leit að alþjóðlegri vernd	19
M. Viðskipti og mannréttindi	21
N. Mannréttindi og umhverfið	21

1. Inngangur

A. Þátttaka Íslands í allsherjarúttekt á stöðu mannréttindamála

Allsherjarúttekt á stöðu mannréttinda (UPR) er mikilvægur þáttur í að styðja við og auka mannréttindavernd innan aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna. Ísland hefur skilað skýrslum til mannréttindanefnda Sameinuðu þjóðanna og tekið virkan þátt í fyrirtökum nefndanna.

Í ársbyrjun 2025 tók Ísland sæti í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna öðru sinni og mun leggja sitt af mörkum til að efla stöðir og samstöðu um grundvallarmannréttindi.

Fyrsta allsherjarúttekt á stöðu mannréttindamála fór fram á Íslandi 2011 til 2012. Frá þeim tíma hefur margt verið gert til að styrkja og styðja við ferlið hérlandis og er meðal annarsstarfandi formlegur samráðs- og samstarfsvettvangur ráðuneytanna um mannréttindamál sem undirbýr UPR ferlið og fylgir eftir tilmælum sem íslenska ríkið samþykkir.

Þriðja allsherjarúttektin á stöðu mannréttindamála á Íslandi fór fram 25. janúar 2022. Ísland samþykkti 218 af 230 tilmælum, auk þess sem tvö tilmæli voru samþykkt að hluta. Í þeim tilgangi að auka yfirsýn yfir framkvæmd tilmæla var unnin miðannarskýrsla, sem nær til tímabilsins janúar 2022 til apríl 2025.

Miðannarskýrslan er tekin saman í tilefni af fjórðu allsherjarúttekt á stöðu mannréttindamála á Íslandi. Jákvæð skref hafa verið stigin í átt að aukinni vernd mannréttindamála og tók sjálfstæð innlend Mannréttindastofnun til starfa í maí 2025, uppfyllir Ísland nú Parísarviðmið Sameinuðu þjóðanna.

Í þessari skýrslu er sjónum beint að því hvernig íslensk stjórnvöld hafa fylgt eftir tilmælum sem samþykkt voru í síðustu allsherjarúttekt. Í fylgiskjali má finna töflu um stöðu og númer tilmælanna og hefur skýrslunni verið skipt í kafla eftir viðfangsefni þeirra á sambærilegan hátt og í fylgiskjalinu.

B. Undirbúningur og samráð

Stýrihópur stjórnarráðsins um mannréttindi hefur átt reglulegt samráð við hagsmunaaðila. Í tengslum við skrif á miðannarskýrslu á árinu 2025 var haldinn samráðsfundur með hagsmunaaðilum, þar sem var farið yfir drög að skýrslunni og stöðu tilmæla. Þá voru drög að miðannarskýrslunni kynnt í Samráðsgátt stjórnvalda. Haft var í forgrunni að miðannarskýrslan gæti nýst sem góður grunnur að frekara samráði í tengslum við fjórðu allsherjarúttekt á stöðu mannréttindamála.

Í janúar 2026 voru birt áform í Samráðsgátt stjórnvalda um undirbúning að fjórðu allsherjarúttekt og óskað eftir tillögum og ábendingum um áhersluatriði í skýrslu Íslands. 14 umsagnir bárust sem hafðar voru til hliðsjónar við skrif þessarar skýrslu, ásamt áminningu um að frjáls félagasamtök sem hygðast taka þátt í ferlinu þurfi að skila inn upplýsingum fyrir 17. júlí 2026. Í febrúar 2026 buðu dómsmálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti í samstarfi við Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi til samráðsfundar með hagsmunaaðilum vegna fjórðu allsherjarúttekta Sameinuðu þjóðanna. Ferlið í heild sinni var kynnt og tækifæri veitt til að koma með athugasemdir.

2. Innleiðing tilmæla frá síðustu úttekt

A. Mannréttindavernd á Íslandi

Alþjóðlegar skuldbindingar og samstarf

Ísland er aðili að fjölmörgum mannréttindasamningum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins. Nánari upplýsingar um samninga sem Ísland er aðili að er vísað í skýrslur Íslands til eftirlitsnefnda Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins.

Frá síðustu allsherjarúttekt hefur Ísland gengist undir alþjóðlegar skuldbindingar á sviði mannréttindamála. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var lögfestur í heild sinni í desember 2025. Auk lögfestingar hefur Ísland fullgilt valfrjálsa bókun við samninginn sem felur í sér kvörtunarleið til eftirlitsnefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Ísland fullgilti samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um réttindi og öryggi starfsfólks í júní 2026. Þar skuldbindur Ísland sig til að tryggja að öryggi og heilbrigði á vinnustöðum verði grundvallarregla. Skipaður hefur verið vinnuhópur til undirbúnings fyrirhugaðrar fullgildingar samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) nr. 190 um aðgerðir gegn ofbeldi og áreitni á vinnustöðum.

Ísland fullgilti endurskoðaðan Félagsmálasáttmála Evrópu í júlí 2024. Undir endurskoðaðan Félagsmálasáttmála Evrópu fellur íslensk löggjöf sem heyrir undir félags- og húsnæðismála ráðuneytið, forsætisráðuneytið og innviðaráðuneytið.

Fyrirvarar Íslands við alþjóðasamninginn um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi hafa verið teknir til skoðunar og tveir þeirra dregnir til baka. Ákveðið var að draga ekki til baka fyrirvara um að allur stríðsáróður skuli bannaður og vísast í því sambandi til þeirrar afstöðu sem fram kemur í fyrirvaranum um að ákvæðið geti takmarkað tjáningarfrelsi. Íslensk stjórnvöld telja fyrirvarann samrýmast fullkomlega tilgangi og markmiðum samningsins.

Alþingi samþykkti 2023 stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir árin 2024–2028. Opinber þróunaraðstoð (ODA) mun aukast á tímabilinu úr 0,35% af vergri þjóðarframleiðslu árið 2024 í 0,46% árið 2028. Fjármálaáætlun 2027–2031 gerir ráð fyrir að framlög nemi 0,30% af vergri þjóðarframleiðslu út tímabilið. Yfirmarkmið stefnunnar er að útrýma fátækt, efla mannréttindi og bæta lífsskilyrði. Mannréttindi, jafnrétti kynjanna og umhverfis- og loftslagsmál eru skilgreind sem bæði sértæk og þverlæg markmið og skulu samþætt í alla framkvæmd. Lögð er áhersla á fjögur meginsvið: mannréttindi og jafnrétti kynjanna, mannauð og grunnstoðir samfélaga, loftslags- og náttúruauðlindir og mannúðaraðstoð ásamt störfum í þágu friðar og stöðugleika.

Ísland leggur áherslu á uppbyggileg samskipti við mannréttindakerfi Sameinuðu þjóðanna. Rammasamningur var gerður við skrifstofu mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna (OHCHR) sem gildir frá 2024 til loka ársins 2028. Kjarnaframlög til OHCHR voru hækkuð úr 30 m.kr. í 80 m.kr. á ári og áfram verður veitt 15 m.kr. framlag til þriggja valinna sjóða stofnunarinnar sem tengjast jafningjarýni og hinsegin réttindum. Rammasamningur hljóðar upp

á samtals 475 m.kr. á fimm árum. 2026 veitti Ísland OHCHR viðbótarframlag við samningsbundin kjarnaframlög.

Ísland leiðir ályktun um styrkingu mannréttindanefnda Sameinuðu þjóðanna í Genf í þriðju nefnd allsherjarþings um mannréttindamál og á í góðu samstarfi við skrifstofu mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna.

Sérstök áhersla er lögð á kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindi í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir árin 2024-2028, í mannúðaraðstoð og í samstarfi við tvíhliða samstarfslönd í þróunarsamvinnu.

Áhersla er lögð á leiðandi hlutverk Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) við framkvæmd alþjóðastefnu um mannfjölda og þróun (e. ICPD) og byggist stuðningur við stofnunina á rammasamningi til fleiri ára í senn. Í því skyni hafa kjarnaframlög til stofnunarinnar verið nær tvöfölduð milli 2024 og 2026.

Árið 2025 var nýr rammasamningur við stofnunina undirritaður, fyrir tímabilið 2026-2028, til stuðnings sameiginlegri áætlun Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) og Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) um útrýmingu limlestinga á kynfærum kvenna.

Kjarnaframlög Íslands til Mannfjöldasjóðs SP (UNFPA) hafa nær tvöfaldast frá árinu 2024 til 2026 og nema 405 m.kr. árið 2026. Hafinn er stuðningur við alþjóðlegu samtökin IPAS sem tryggja konum aðgengi að öruggu þungunarrofi auk þess sem stuðningur hefur verið aukinn við samstarfsverkefni UNFPA og UNICEF um afnám limlestinga á kynfærum kvenna og stúlkna (FGM) og slíkt verkefni í Sierra Leóne hafið. Framlög til stofnunar SP um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) hafa verið aukin, sem og til tveggja sjóða stofnunarinnar sem veita styrki til kvennasamtaka þar sem lögð er sérstök áhersla á afnám kynbundins ofbeldis.

Íslensk stjórnvöld hafa aukið stuðning sinn við réttindabaráttu hinsegin fólks í þróunarríkjum, m.a. með framlögum til alþjóðlegu félagasamtakanna Outright International og ILGA World. Ísland beitir mannréttindamiðaðri nálgun í tvíhliða þróunarsamvinnu með áherslu á réttindi barna, lýðræðislega uppbyggingu og góða stjórnsýslu, og réttindi þeirra sem standa höllum fæti – þar á meðal hinsegin fólk og fatlað fólk. Á sviði jafnréttismála hefur verið lögð áhersla á að efla kyn- og frjósemisréttindi, kynheilbrigði, að útrýma kynbundnu ofbeldi, auka aðgang að og bæta gæði grunnmenntunar og efnahagslega og pólitíska valdeflingu kvenna. Framlög til verkefna sem snúa að fötluðu fólki námu 28% af heildarframlögum til þróunarmála árið 2024. Auk þess hefur verið stutt við mannréttindasamtök og frjáls félagasamtök sem vinna að mannréttindum í grasrótinni og er unnið í samstarfi við stofnanir SP og stjórnvöld í hverju samstarfslandi.

Innlend mannréttindastofnun og landsáætlun um mannréttindi

Mannréttindastofnun Íslands tók til starfa 1. maí 2025. Stofnunin heyrir undir Alþingi og sinnir hlutverki sjálfstæðrar innlendrar mannréttindastofnunar. Hún starfar í samræmi við Parísarviðmiðin.

Stofnunin hefur það meginhlutverk að efla og vernda mannréttindi á Íslandi, eins og þau eru skilgreind í stjórnarskrá, lögum, alþjóðasamningum og öðrum alþjóðlegum skuldbindingum.

Við undirbúning að stofnun Mannréttindastofnunar var haft samráð við Mannréttindaskrifstofu Íslands sem áður starfaði sem nokkurs konar ígildi sjálfstæðrar innlendrar mannréttindastofnunar. Var fyrirbyggjandi kunnátta og sérþekking nýtt í því ferli. 2023 var unnin grænbók um mannréttindi. Í grænbókinni var lagt mat á stöðu mannréttindamála á Íslandi þar sem safnað var á einn stað upplýsingum um mannréttindi og dregin saman helstu viðfangsefni næstu ára í málaflokknum með það að markmiðið að marka árangursríka stefnu og aðgerðir til næstu ára.

Lýðræði og réttlát málsmeðferð

Með lögum um dómstóla frá 2018 voru gerðar nokkrar mikilvægar breytingar sem miðuðu gagnert að því að styrkja sjálfstæði dómssvaldsins. Í lögunum má finna ákvæði sem miðar að því að tryggja óhlutdrægni og gagnsæi við skipun dómara. Sjálfstæð dómnefnd fjallar um hæfi umsækjanda. Óheimilt er að skipa í dómaraembætti einstakling sem dómnefndin hefur ekki talið meðal hæfustu umsækjenda. Frá því má einungis víkja ef Alþingi samþykkir tillögu ráðherra um heimild til að skipa annan nafngreindan umsækjanda sem fullnægir að mati dómnefndar öllum skilyrðum.

Í nóvember 2021 setti dómsmálaráðherra leiðbeinandi reglur um málsmeðferð telji ráðherra ástæðu til að óska eftir heimild Alþingis til að víkja frá umsögn dómnefndar, sem miða að því að tryggja gagnsæi og að málefnalegra sjónarmiða sé gætt við matið.

2018 var opnuð sérstök Samráðsgátt stjórnvalda. Markmiðið er að auka gagnsæi og möguleika almennings og hagsmunaaðila, þ.m.t. trúfélaga og borgarasamfélagsins, á þátttöku í stefnumótun, reglusetningu og ákvarðanatöku opinberra aðila. Þar er hægt að finna öll mál ráðuneyta sem birt hafa verið til samráðs við almenning.

Auk samráðs í gegnum Samráðsgátt er leitast við að tryggja samráð við hagsmunaaðila þegar lög og stefnur eru mótaðar, s með þátttöku þeirra í starfshópum, ósk um umsagnir, fundi o.s.frv.

2022 tóku gildi ný heildarlög um kosningar á Íslandi. Við undirbúning og samningu þeirra var meðal annars litið til ábendinga frá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, varðandi stjórnsýslu kosningamála.

B. Jafnræði og bann við mismunun

Íslensk jafnréttislöggjöf tryggir með heildstæðum hætti bann við mismunun. Fjallað er um stjórnsýslu jafnréttismála í sérstökum lögum nr. 151/2020, sem gilda þvert á þrjá lagabálka; lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lög nr. 85/2018 um jafna meðferð utan vinnumarkaðar og lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði. Jafnréttisstofa, sem heyrir undir yfirstjórn dómsmálaráðherra, annast stjórnsýslu á sviði jafnréttismála sem framangreindir lagabálkar taka til og hefur eftirlit með framkvæmd þeirra.

Hægt er að kæra mismunun á grundvelli framangreindra lagabálka til kærunefndar jafnréttismála sem er starfrækt á grundvelli laga um stjórnsýslu jafnréttismála nr. 151/2020. Nefndin er sjálfstæð og óháð og sæta úrskurðir hennar ekki kærur til æðra stjórnvalds. Nefndin tekur til meðferðar kærur sem til hennar beinast og kveður upp úrskurð um hvort ákvæði laga um jafnréttismál hafa verið brotin. Komist kærunefnd jafnréttismála að þeirri niðurstöðu að

brotið hafi verið gegn lögunum er henni heimilt að beina fyrimælum um tiltekna úrbætur til hlutaðeigandi aðila. Málsaðilum er heimilt að bera úrskurði nefndarinnar undir dómstóla.

Í ársskýrslum kærunefndar jafnréttismála, sem birtar eru á vefsíðu nefndarinnar, er haldið utan um ýmsa tölfraði og greiningar sem tengjast þeim málum er berast nefndinni, m.a. hversu mörg mál byggja á mismunun vegna fötlunar og skertrar starfsgetu.

Jafnrétti kynjanna

Jafnrétti hefur lengi verið forgangsmál íslenskra stjórnvalda en stjórnvöld gera sér þó grein fyrir að fullu jafnrétti er ekki náð, sérstaklega þar sem fullu launajafnrétti hefur ekki verið náð og kynbundið ofbeldi er enn við líði í íslensku samfélagi.

Framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum fyrir árin 2026-2029 var samþykkt á Alþingi í byrjun árs 2026. Áætluninni er ætlað að skilgreina stefnu stjórnvalda og lýsa verkefnum sem fela í sér beinar aðgerðir á þágu kynjajafnréttis. Í apríl 2026 var kynnt landsáætlun gegn kynbundnu ofbeldi gagnvart konum fyrir árin 2026-2030, en markmið hennar er að vinna með heildstæðum hætti að aðgerðum gegn kynbundnu ofbeldi gagnvart konum á Íslandi. Þetta er fyrsta áætlun sinnar tegundar á Íslandi.

Staða kvenna á vinnumarkaði

Staða kvenna á vinnumarkaði hefur verið styrkt með margvíslegum hætti. Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna miða að því að tryggja jafna stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði og banna hvers kyns mismunun á grundvelli kyns. Jafnréttisstofa hefur það hlutverk að vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á vinnumarkaði, með sérstakri áherslu á að vinna gegn launamisrétti á grundvelli kyns.

Stýrihópur um virðismat starfa í þágu launajafnréttis tók til starfa haustið 2024. Stýrihópurinn vinnur að virðismatskerfi starfa til að leiðrétta kynbundinn launamun sem skýrist af kynskiptum vinnumarkaði og kerfisbundnu vanmati á hefðbundnum kvennastörfum. Nýtt virðismatskerfi á að liggja fyrir í árslok 2026.

Árlega hafa verið gerðir samstarfssamningar við Félag kvenna í atvinnulífinu (FKA) með það að markmiði að stuðla að auknu kynjajafnrétti í íslensku atvinnulífi og jafnari hlut kvenna í stjórnnum og framkvæmdastjórnnum fyrirtækja.

Ísland hefur lagt áherslu á að miðla á alþjóðlegum vettvangi góðum starfsvenjum varðandi jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf. Í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna, þar sem Ísland á sæti 2025 til 2027, leiddi Ísland sameiginlega yfirlýsingu vegna alþjóðlega jafnlaunadagsins í september 2025 þar sem mikilvægi jafna launa fyrir sömu störf var ítrekað.

Staðalímyndir og fræðsla

Jafnrétti er einn af grunnþáttum menntunar á Íslandi og hefur fræðsla og vinna gegn staðalímyndum um hlutverk karla og kvenna verið forgangsmál í íslensku menntakerfi. Samkvæmt jafnréttislögum eiga nemendur á öllum skólastigum að hljóta jafnréttis- og kynjafræðslu við hæfi, m.a. um kynjaðar staðalímyndir, málefni fatlaðs fólks og hinsegin fólks.

Sérstaklega er tekið fram að í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skuli nemendur hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf, óháð kyni.

Jafnréttisstofa hefur það hlutverk að vinna gegn neikvæðum kynjaímyndum og neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla sem og neikvæðum staðalímyndum byggðum á kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu,

Jafnréttisstofa hefur staðið fyrir vitundarvakningarherferðinni „Meinlaust?“ sem miðar að því að vinna gegn staðalímyndum. Í framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum fyrir árin 2026-2029 er að finna tvær aðgerðir er snúa sérstaklega að körlum og jafnrétti.

Kynþáttamisrétti og vernd viðkvæmra hópa

Breytingar á löggjöf

Ákvæði 233. gr. a. almennra hegningarlaga hefur veitt vernd gegn hatursorðræðu á grundvelli kynhneigðar frá árinu 1996 og kynvitundar frá árinu 2014. 2022 var ákvæðið rýmkað enn frekar og nær nú líka til kyneinkenna. Ákvæðið tekur nú til hatursorðræðu á grundvelli þjóðernisuppruna eða þjóðlegs uppruna, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, fötlunar, kyneinkenna, kynhneigðar og kynvitundar.

2022 var nýju ákvæði um hatursglæpi einnig bætt við almenn hegningarlög þar sem kemur nú fram að það skuli hafa áhrif til refsipýngingar ef brot megí rekja til framangreindra mismununarþátta.

Samtímis var ákvæði um neitun á vöru og þjónustu rýmkað og kemur nú fram að refsivert sé fyrir aðila í atvinnurekstri eða þjónustustarfsemi að neita einstaklingi um vöru eða þjónustu til jafns við aðra á grundvelli fyrrgreindra mismununarþátta.

Lög um jafna meðferð utan vinnumarkaðar giltu í fyrstu aðeins um jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna. 2022 var lögunum breytt og mismununarþáttunum trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu bætt við. Lög um jafna meðferð utan vinnumarkaðar og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði tryggja því nú saman heildstæða vernd gegn mismunun á öllum sviðum samfélagsins.

Ákvæði fjölmiðlalaga um bann við hatursáróðri og hvatningu til refsiverðar háttsemi var breytt árið 2024 og verndin styrkt. Fleiri hópar falla nú undir ákvæðið, auk þess sem verknaðarlýsing var rýmkuð. Með breytingunni var fjölmiðlanefnd einnig gert heimilt að leggja á stjórnvaldssekt ef fjölmiðlaveitur eða mynd-deiliveitur brjóta gegn ákvæðinu. Með breytingunum bættust við sérákvæði um mynd-deiliveitur þar sem kveðið er á um að þær skuli gera viðeigandi ráðstafanir til að vernda almenning gegn efni sem felur í sér hvatningu til ofbeldis eða haturs.

Aðgerðir gegn kynþáttafordómum og hatursorðræðu

Ísland hefur lagt áherslu á fræðslu og vitundarvakningu, bæði meðal almennings og innan réttarvörslukerfisins í baráttunni gegn hatursorðræðu. Tilmæli Evrópuráðsins um hatursorðræðu hafa verið þýdd og birt opinberlega í fræðsluskyni.

Í lögreglufræðum á háskólastigi er skyldunámskeið um fjölbreytileika og lögreglustörf. Námskeiðið veitir félagsfræðilegt sjónarhorn á samfélagsvanda, lögreglustörf, jafnrétti og fjölbreytileika í nútímasamfélögum. Einnig er skylduáfangi er varðar mannréttindi, sem fer yfir alla helstu mannréttindasáttmála sem Ísland er aðili að og skyldur Íslands.

Regluleg þjálfun fer fram fyrir lögreglumenn um hatursglæpi, hatursorðræðu og skyld efni, m.a. hafa lögreglan og ríkissaksóknari í samstarfi við ODIRH/OSCE staðið fyrir námskeiði til að þjálfa lögreglumenn og ákærrendur í hatursglæpum. Haldin hafa verið námskeið um lögreglustörf og fjölbreytt samfélag, þar sem fjallað er um fjölbreytileika og hvað lögreglumenn þurfa að hafa í huga þegar þeir starfa í fjölmenningsarlegu samfélagi, samskipti við jaðarsetta hópa sem og hvernig bera eigi kennsl á hatursglæpi og hatursorðræðu og rannsókn slíkra mála.

Jafnréttisstofa hefur staðið fyrir herferðum sem miða að vitundarvakningu og fræðsluherferðum um hatursorðræðu og mismunun. 2024 stóð stofnunin fyrir herferðinni „Orðin okkar“ sem miðar að því að stuðla að auknu jafnrétti í íslensku samfélagi og berjast gegn hatursorðræðu og rótum hennar. Á sama tíma var opnað sérstakt vefsvæði, þar sem finna má upplýsingar um hatursorðræðu, lagaumhverfi hennar og hvernig bregðast megi við. Vitundarvakningarherferðin „Burt með mismunun“ hófst í maí 2025. Markmið hennar er að fræða um mismunun, meðal annars í þjónustu og ráðningarferlum. Á vef stofunnar eru upplýsingar á íslensku og ensku um bann við mismunun og möguleika á að fá ráðgjöf. Jafnréttisstofa hefur hvatt fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök til að kynna sér efnið og haldið námskeið fyrir starfsfólk, stjórnendur og sveitarfélög um jafnrétti, skyldur atvinnurekenda og inngildingu í starfsemi og þjónustu.

Til að styðja við þekkingu varðandi stöðu kynþáttamismununar hefur Þróunarsjóður innflytjendamála styrkt ólík rannsóknarverkefni sem leggja grunn að þekkingu um ólíka þætti mismununar og stöðuna á Íslandi, m.a. á grundvelli kynþáttar og trúarbragða.

Vefurinn „Saman gegn fordómum“ var opnaður 2023. Hlutverk hans er að fræða og vekja athygli á fordómum og hatursorðræðu í samfélaginu. Á vefnum má finna fræðsluefni um mismunandi tegundir fordóma og hatursorðræðu. Þar eru leiðbeiningar um hvernig einstaklingar geta brugðist við þegar þeir verða vitni að eða verða fyrir slíkri hegðun.

Við úthlutun styrkja úr Þróunarsjóði innflytjendamála árið 2023 og 2024 voru verkefni styrkt sem vinna gegn fordómum, haturstjáningu og ofbeldi.

C. Kynbundið ofbeldi

Stefnumótun og samhæfing

Stjórnvöld vinna gegn kynbundnu ofbeldi á grundvelli tveggja áætlana sem gilda fyrir árin 2026-2030, annars vegar forvarnaáætlunar gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi meðal barna og ungmenna 2026-2030 og hins vegar landsáætlunar gegn kynbundnu ofbeldi gagnvart konum. Báðum áætlunum er fylgt eftir af stýrihópum, sem geta lagt til uppfærslu í takt við breyttar áskoranir. Stutt er við innleiðingu verkefna með framkvæmdasjóðum sem einstök ráðuneyti geta sótt um styrki í. Fylgjast má með framgangi áætlanna á mælaborðum á vef Stjórnarráðsins sem eru uppfærð tvisvar á ári. Sérstakur kafli um kynbundið ofbeldi er líka í framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum fyrir árin 2026-2029 og á grundvelli hennar stendur

til að ráðast í vitundarvakningu um Istanbúlsamninginn og leita leiða til að virkja karla frekar í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi.

Forvarnaáætlun fyrir árin 2026-2030 tók við af fyrri áætlun fyrir árin 2021-2025. Þar er lögð áhersla á skipulagðar forvarnir, fræðslu og viðbrögð í skólastarfi, frístundastarfi barna, íþróttum, félagsmiðstöðvum og stafrænu umhverfi. Sérstök áhersla er lögð á þær áskoranir og hættur sem stafrænt umhverfi og veruleiki barna og ungmenna skapa og hvernig megi koma í veg fyrir og bregðast við ofbeldi.

Landsáætlunin fyrir árin 2026-2030 er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi en leiðarljós hennar er Istanbúlsamningurinn. Í áætluninni er tekið á forvörnum, vernd og stuðningi, saksókn og samhfæðri stefnu. Með henni fæst skýrari yfirsýn, bætt samræming og eftirfylgni og samfelldara verklag þvert á kerfi. Námskeið hafa verið haldin fyrir lögreglu, ákærendur, dómara og réttargæslumenn, þ.m.t. um einkenni áfallastreituröskunar, öflun sönnunargagna og sönnunarmat í kynferðisbrotamáluum. Haldin hafa verið menningarnæmisnámskeið fyrir heilbrigðisstarfsmenn og lögreglu sem vinna með þolendum kynbundins ofbeldis.

Í tengslum við landsáætlun gegn kynbundnu ofbeldi gagnvart konum fyrir árin 2026-2030 stendur til að vinna rannsókn um viðhorf og reynslu fagaðila sem starfa við meðferð kynbundinna ofbeldismála innan réttarvörslukerfisins. Út frá niðurstöðum rannsóknarinnar verður útbúin fræðsla fyrir lögreglu, ákærendur og dómara meðal annars um birtingarmyndir og afleiðingar kynbundins ofbeldis gegn konum til að tryggja réttláta málsmeðferð innan réttarvörslukerfisins. Sambærileg fræðsla verður veitt starfsfólki sýslumanna sem starfar við fjölskyldumál.

Forvarnir og vitundarvakning

Á grundvelli fyrri forvarnaáætlunar gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi meðal barna og ungmenna voru stofnuð forvarnateymi innan allra grunnskóla landsins og gagnvirkir netnámskeið þróað með grunnfræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni, sem fjalla um einkenni barna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi og hvernig bregðast skuli við ef barn greinir frá ofbeldi, fyrir fólk sem starfar með börnum og ungmönnum. Opnaður var vefur þar sem náms- og fræðsluefni sem styður við forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi er aðgengilegt á einum stað, Stopp ofbeldi.is!

Stjórnvöld hafa ráðist í vitundarvakningar gegn kynbundnu ofbeldi sem beinst hafa að ólíkum markhópum. Sérstök vitundarvakning var meðal barna og ungmenna, önnur með áherslu á skemmtanalíf, útihátíðir og jólaskemmtanir og enn önnur sem beint var að ungum körlum í þeim tilgangi að skapa umræðu um óeðlileg viðhorf í samskiptum karla við konur. Farið var í vitundarvakningu gegn barnaníði þar sem þau sem hafa áhyggjur af óviðeigandi kynferðislegum hugsunum sínum eru hvött til að leita sér aðstoðar sérfræðinga hjá úrræðinu *Taktu skrefið*.

Neyðarnúmerið 112 hefur verið eftt og vefsvæði Neyðarlínunnar 112.is þróað með þeim hætti að það er orðið að vefgátt varðandi heimilisofbeldi, kynferðisofbeldi, stafrænt ofbeldi, ofbeldi gegn börnum og annars konar ofbeldi þar sem þolendur, aðstandendur og gerendur geta leitað upplýsinga og fundið úrræði til að stöðva ofbeldið. Á vefsvæði 112.is má finna sérstakt svæði fyrir börn og unglinga með fræðslu um ofbeldi og leiðbeiningar um hvað eigi að gera ef börn og unglingar verða fyrir eða vitni að ofbeldi. Unnið hefur verið að því að þýða síðuna yfir á mörg tungumál til að auka aðgengi erlendra einstaklinga.

Stjórnvöld hafa styrkt verkefnið *Sjúktspjall*, nafnlaust netspjall þar sem ungmenni á aldrinum 13-20 ára geta rætt við ráðgjafa Stígamóta um kynferðisofbeldi og ofbeldi í nánnum samböndum, með það að markmiði að veita bæði þolendum og gerendum ofbeldis fræðslu og stuðning.

Aðgengi þolenda að réttarkerfinu og úrræðum

Í júní 2022 voru samþykktar breytingar á lögum um meðferð sakamála í því augnamiði að styrkja réttarstöðu brotþola, ekki síst brotþola kynferðisbrota, bæta upplifun þeirra og veita aukna aðkomu að máli sem þá varðar.

Með breytingunum hefur brotþolum og réttargæslumönnum verið tryggður aukinn aðgangur að gögnum á rannsóknarstigi, brotþolum tryggður réttur til að vera viðstaddir þinghald sem háð er fyrir luktum dyrum, réttargæslumönnum heimilað að leggja spurningar milliliðalaust fyrir vitni, brotþola og ákærða við meðferð máls fyrir dómi, brotþola heimilað að leggja fram sönnunargögn við meðferð máls fyrir dómi, skilyrði til skipunar réttargæslumanns við meðferð mála fyrir æðri dómi rýmkuð, upplýsingaflæði aukið til brotþola um gæsluvarðhald, áfrýjun og afplánun í fangelsi og brotþolum heimilað að taka stuttlega til máls í lok aðalmeðferðar fyrir dómi.

Með breytingunum hefur réttarstaða fatlaðs fólks við meðferð sakamála hjá lögreglu og fyrir dómstólum verið bætt með heimild dómara til skýrslutöku af fötluðum brotþola eða vitni í sér útbúnu húsnæði og til að kveðja kunnáttumann sér til aðstoðar við skýrslutöku af fötluðu vitni. Jafnframt að fötluðum sakborningi og vitni verði heimilt að hafa með sér hæfan stuðningsaðila við skýrslutöku, hvort heldur hjá lögreglu eða fyrir dómi. Í rafrænni þjónustugátt geta þolendur sem hafa kært kynferðisbrot nálgast upplýsingar um mál sín til að mæta þörf fyrir aukna upplýsingagjöfum framgang mála í réttarvörslukerfinu. Unnið er að innleiðingu gáttarinnar á landsvísi. Í ofbeldisgátt 112.is má nú finna upplýsingar um það hverju brotþoli megí búast við meðferð málsins í réttarvörslukerfinu.

Á grundvelli landsáætlunar gegn kynbundnu ofbeldi gagnvart konum fyrir árin 2026-2030 stendur til að semja ítarlegar leiðbeiningar fyrir lögmenn sem taka að sér réttargæslu brotþola kynbundins ofbeldis og veita þeim fræðslu um leiðbeiningarnar, hlutverk sitt og réttindi brotþola kynbundins ofbeldis út frá ákvæðum hegningarlaga og sakamálalaga með hliðsjón af ákvæðum Ístanbúlsamningsins.

Stjórnvöld leggja áherslu á að allar konur sem verða fyrir ofbeldi geti leitað sér aðstoðar. Hlutfall erlendra kvenna sem leita aðstoðar í Kvænnaathvarfi bendir ekki til þess að erlendar konur séu frekar beittar ofbeldi en innlendar en innlendar konur nýta sér í meira mæli dagþjónustu á meðan erlendar konur nýta sér frekar sólarhringsþjónustu. Skýringin liggur m.a. í þeirri staðreynd að bakland fjölskyldu innlendra kvenna geri þeim frekar kleift að búa utan athvarfa en erlendum konum. Um 150 konur dvelja í athvörfum árlega, þar af er hlutfall erlendra kvenna 30%.

Í maí 2026 tóku gildi lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili og er lögreglu nú heimilt að taka ákvörðun um að beita rafrænu eftirliti með staðsetningarbúnaði, t.a.m. með ökklabandi, samhliða ákvörðun um nálgunarbann og brottvísun af heimili. Með breytingunum er réttarstaða brotþola styrkt enn frekar og lögreglu gert betur kleift að bregðast við brotum þar sem tilkynningar um þau berast í rauntíma.

Samræmdar leiðbeiningar hafa verið þróaðar um viðbrögð við heimilisofbeldi á meðgöngu. Allar konur í meðgönguvernd eru spurðar markvisst um heimilisofbeldi og boðinn stuðningur, ráðgjöf og eftirfylgd eftir þörfum, með það að markmiði að tryggja snemmtæka greiningu og draga úr áhrifum ofbeldis á konur, börn og fjölskyldur þeirra.

Rannsókn og saksókn

2022 voru fjárframlög til rannsóknar og saksóknar kynferðisbrota hækkuð varanlega um 200 milljónir kr. á ári og stöðugildum vegna rannsókna kynferðisbrota fjölgað.

Á næstu árum verður komið á kerfisbundnu og samræmdu áhættumati og í kjölfarið viðeigandi áhættustjórnun vegna kynbundins ofbeldis hjá öllum stofnunum sem koma að slíku ofbeldi. Gætt verður að því að áhættumatið og áhættustýringin taki mið af ólíkum þörfum ólíkra kvenna og barna þeirra, þ.m.t. kvenna af erlendum uppruna og annarra kvenna sem verða fyrir fjölþættri mismunun. Þá verður lagaumhverfi um þagnarskyldu rýnt til að tryggja faglegar forsendur áhættumats og viðbrögð.

D. Bann við pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri og vanvirðandi háttsemi

Lögð er áhersla á að mannréttindum og alþjóðlegum stöðlum sé fylgt við framkvæmd frelsissviptinga. Umboðsmaður Alþingis sinnir eftirliti með aðstæðum frelsissvipta á Íslandi, en hann er kjörinn af Alþingi og lýtur ekki eftirlits- eða yfirstjórnunarheimildum stjórnvalda.

Umboðsmaður fer í reglulegar heimsóknir á staði þar sem fólk er, eða kann að vera frelsissvipt, stundum án fyrirvara. Eftir hverja heimsókn skilar umboðsmaður skýrslu með niðurstöðum sem eru birtar á vef umboðsmanns. Frelssviptir einstaklingar sem telja sig hafa verið beitta pyndingum eða annarri grimmilegri, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu geta beint kvörtunum til umboðsmanns.

Ef kvörtun varðar heilbrigðisþjónustu er einnig hægt að koma að kvörtun eða athugasemdum hjá Embætti Landlæknis eða í gegnum heimasíðu heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu.

E. Mansal og vændi

Ný aðgerðaáætlun gegn mansali verður kynnt haustið 2026 þar sem tekið er á samstarfi og samráði, færni og forvörnum, stuðningi og vernd og rannsókn og saksókn. Meðal aðgerða er að koma á innlendu tilvísunarkerfi mansalsmála til að tryggja mannréttindi allra þolenda mansals, óháð tegund þess.

Frá 2024 hefur starfað sérfræðingur í Bjarkarhlíð í fullu stöðugildi samræmingaraðila í mansalsmálum vegna aukinnar áherslu stjórnvalda á aðgerðir gegn mansali. 2026 var undirritað fjögurra ára samkomulag um hlutverkið þar sem skert hefur verið á því.

Í byrjun árs 2025 voru gerðar breytingar á ýmsum lögum til að styrkja samstarf þeirra aðila sem fara með eftirlit á vinnumarkaði sem og stefnumörkun varðandi aðgerðir gegn brotastarfsemi á

vinnumarkaði, svo sem mansali, í því skyni að auka samlegð og skilvirkni við eftirlitið. Á þeim grunni var stofnuð sérstök samstarfsnefnd um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði.

Vinnueftirlitið hefur fengið aukið fjármagn til að sinna eftirliti með brotum á vinnulöggjöf.

1. júlí 2026 taka íslensk stjórnvöld við formennsku í Eystrasaltsráðinu og þar með aðgerðahópi ráðsins gegn mansali (Task Force against Trafficking in Human Beings). Í formenskunni verður lögð sérstök áhersla á að auka hæfni innan kerfisins til að mæta þöndum mansals á áfallamiðaðan hátt, að tryggja að mannréttindi þöndu mansals séu í kjarna allrar stefnumótunar á sviðinu og á leiðir til að auka fælingarmátt vændiskaupa og annarra brota sem tengjast mansali í kynferðislegum tilgangi.

Dómsmálaráðherra hefur kynnt áform um breytingar á almennum hegningarlögum, þar sem sektir yrðu afnumdar sem viðurlagategund við vændiskaupabrotum. Markmiðið er að draga úr eftirspurn eftir vændi, sem hefur ekki tekist að uppræta en grunur er um að stór hluti þeirra kvenna sem auglýstar eru í vændi séu þöndur mansals.

Forvarnaraðgerðir varðandi vændi hafa m.a. birst í átakinu *Taktu skrefið* sem er úrræði fyrir fólk sem hefur áhyggjur af kynferðislegri hegðun sinni eða hefur beitt einhvern kynferðislegu ofbeldi.

Stjórnvöld hafa gefið út leiðbeiningar um greiningu mögulegra þöndu mansals, þar á meðal barna, þar sem fjallað er um sérstakar vísbendingar um mansal gagnvart einstaklingum undir 18 ára aldri og mikilvægi snemmtækrar tilkynningar og íhlutunar. Jafnframt er í stefnum um barnavernd og málefni innflytjenda lögð áhersla á hlutverk skóla við að greina snemma merki um ofbeldi, kynferðislega misnotkun, mansal og aðra hagnýtingu barna og tryggja að málum sé vísað til viðeigandi úrræða.

2021 var gefinn út upplýsingabæklingur á íslensku, pólsku og ensku til að greina vísbendingar mansals, sem er aðgengilegur á öllum helstu stöðum sem fólk sækir þjónustu. Á heimasíðu 112.is er að finna upplýsingar um mansal og úrræði vegna mansals. Upplýsingarnar eru á íslensku, ensku, pólsku, spænsku, úkraínsku, filippseysku, albönsku, litháísku, arabísku, frönsku, portúgölsku, víetnömsku, rúmensku, lettnesku og rússnesku.

Þjálfun lögreglu og saksóknara hefur verið eflað til muna og þvert á aðila innan kerfis sem koma að mansalsmálum. Sérstakt teymi tók þátt í hermipjálfun í mansalsmálum í Þýskalandi í nóvember 2023 á vegum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og Eystrasaltsráðsins.

Mennta- og starfþróunarsetur lögreglu hefur verið styrkt til að auka fræðslu til lögreglunnar um skipulagða brotastarfsemi, þar á meðal mansal. Skipað var sérstakt fagráð um mansal.

Dómarar fengu fræðslu um mansal frá mannréttindalögfræðingi árið 2025, m.a. um ákvæði íslenskra hegningarlaga um mansal, um Evrópuráðssamninginn um aðgerðir gegn mansali, einkenni mansals, viðtöl við brotapolu o.fl.

Verklagsreglur hjá lögreglu og Útlendingastofnun hafa verið uppfærðar með áherslu á að bera kennsl á þöndur mansals og starfsfólk Vinnumálastofnunar hefur fengið þjálfun í að bera kennsl á mögulega þöndur. Eftir hefur verið til fræðslu um mansal meðal þeirra sem sinna umsækjendum um alþjóðlega vernd og flóttafólki.

F. Skoðana- og tjáningarfrelsi

Stjórnvöld hafa stigið mikilvæg skref til að tryggja tjáningarfrelsi. Samkvæmt lögum um vernd uppljóstrara, nr. 40/2020, telst miðlun upplýsinga eða gagna starfsfólks, að fullnægðum skilyrðum laganna, ekki brot á þagnar- eða trúnaðarskyldu sem starfsmaðurinn er bundinn af samkvæmt lögum eða með öðrum hætti, sbr. 1. mgr. 4. gr. Slík miðlun leggur hvorki refsí- né skaðabótaábyrgð á viðkomandi og getur ekki leitt til stjórnsýsluviðurlaga eða íþyngjandi úrræða að starfsmannarétti. Þá er óheimilt að láta starfsmann sem miðlað hefur upplýsingum eða gögnum, að uppfylltum skilyrðum laganna, sæta óréttlátri meðferð. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur útfært þessa vernd nánar með reglum fyrir opinbert starfsfólk og Vinnueftirlitið hefur eftirlit með því að einkafyrirtæki með 50 starfsmenn eða fleiri setji sér skýrar verklagsreglur.

Til að styðja við lýðræðishlutverk fjölmiðla veita stjórnvöld einkareknum fjölmiðlum stuðning á grundvelli fjölmiðlalaga. Stuðningnum er ætlað að efla ritstjórnir fréttar- og dagskrármíðla og gera einkareknum fjölmiðlum betur kleift að sinna hlutverki sínu. Fjölmiðlanefnd hefur það lögbundna hlutverk að standa vörð um tjáningarfrelsi, rétt almenningss til upplýsinga og efla fjölmiðlalæsi. Áhersla er lögð á sýnileika fjölbreyttra hópa í fjölmiðlum. Í landsáætlun um málefni fatlaðs fólks 2024-2027 er sérstaklega kveðið á um ráðstafanir til að auka sýnileika fatlaðs fólks í fjölmiðlum og opinberri umræðu.

G. Félagslegt öryggi og velferð

Á Íslandi er öflugt velferðarkerfi. Sérstaklega hefur verið unnið að því að bæta lífsskjör eftirlaunaþega og fatlaðs fólks. Nýtt örorkulífeyriskerfi í kjölfar heildarendurskoðunar tók gildi í september 2025. Í stað lágrar grunngreiðslu örorkulífeyris í eldra kerfi er nýr örorkulífeyrir ákvarðaður þannig að hann veiti afkomuöryggi með því að fullur greiðsluréttur skapi viðtakanda mánaðarlegar ráðstöfunartekjur eftir skatt sem nemi a.m.k. 340.000 krónum.

Ný lög voru samþykkt í mars 2026 sem fela í sér að greiðslur almannatrygginga fylgja þróun launavísitölu sem Hagstofa Íslands reiknar út og birtir, í stað þess að taka mið af spá um launaþróun. Markmið með breytingunum var að tryggja að fatlað fólk, öryrkjar og ellilífeyrisþegar drægjust ekki aftur úr þegar kæmi að kaupmætti.

Vinnumálastofnun býður upp á einstaklingsmiðaða þjónustu fyrir fólk með skerta starfsgetu. Markmiðið er að styðja við fólk að fá vinnu á almennum vinnumarkaði. Töluvert hefur verið aukið við þessi úrræði og sérstöku átaki í að finna hlutastörf fyrir þennan hóp hefur verið hrundið af stað.

Íbúar sem eru á leigumarkaði eiga rétt á tekjutengdum húsnæðisstuðningi frá ríkinu og hægt er að sækja um sértækan húsnæðisstuðning hjá félagsþjónustum sveitarfélaga umfram þann húsnæðisstuðning sem ríkið veitir. Sá stuðningur er ætlaður allra viðkvæmustu hópunum.

H. Menntun

Gripið hefur verið til ýmissa ráðstafana til að tryggja jafnan aðgang að menntun, óháð kyni, uppruna eða stöðu að öðru leyti. Grunnskólanám er gjaldfrjálst og frá árinu 2025 hafa

skólamáltíðir verið gjaldfrjálsar. Framhaldsskólar eru að stórum hluta gjaldfrjálsir fyrir einstaklinga yngri en 18 ára, en nemendur greiða þó innritunargjald og fyrir námsgögn.

Núgildandi menntastefna gildir til 2030 og er fyrsta stoð hennar *Jöfn tækifæri fyrir alla*. Aðgerðaáætlanir eru settar á grundvelli menntastefnunnar með ítarlegum aðgerðum í þágu jafnra tækifæra og aðgangs að menntun. Áhersla hefur verið lögð á snemmtækan og samþættan stuðning, inngildandi menntun, stuðning við börn í viðkvæmri stöðu og aðgerðir sem tryggja jafnan aðgang að menntun og þjónustu óháð uppruna, tungumáli, fötlun eða félagslegum aðstæðum.

Áform eru uppi um reglugerðarbreytingu um heildstæða skólaþjónustu, í samræmi við aðgerðaáætlun við menntastefnu fyrir árin 2024-2027. Aðrar aðgerðir eru einnig í þágu fatlaðra barna í áætluninni, t.a.m. að tryggja aðgengi barna og ungmenna um allt land að heildstæðri skólaþjónustu þar sem þrepaskiptur stuðningur liggur til grundvallar.

2024 tók miðstöð menntunar og skólaþjónustu til starfa, sem á að byggja upp sterka stoð fyrir skólastarf í landinu með aðgengi að sérfræðipækkingu og samræmdu verklagi. Miðstöðin er liður í að tryggja faglegan stuðning við skóla um land allt og veita kennurum og stjórnendum aðgang að ráðgjöf, þekkingu og úrræðum. Stofnunin hefur unnið að nemendagrunni fyrir nemendur á grunnskólastigi sem auðveldar sveitarfélögum og skólum að tryggja að öll börn fái menntun við hæfi.

Stjórnvöld vinna gegn brotthvarfi nemenda úr framhaldsskóla með sérstökum fjárframlögum til skóla þar sem hlutfall nemenda í brottfallshættu er hátt. Skólum er gert kleift að nýta fjármagnið í úrræði sem draga úr brotthvarfi. Til að mæta þörfum barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn hefur þróunarverkefninu *MEMM* (menntun, móttaka, menning) verið komið á fót, sem ætlað er að stuðla að virkri þátttöku barna með fjölbreyttan bakgrunn, bæði námslega og félagslega. Settar hafa verið á fót sérstakar íslenskubrautir fyrir nemendur með annað tungumál í framhaldsskólum.

Nemendur sem hafa náð 16 ára aldri og lokið grunnskóla eiga rétt á að innritast í framhaldsskóla. Við innritun hefur framhaldsskóli sérstökum skyldum að gegna varðandi nemendur með fötlun. Starfsbrautir eða sérnámsbrautir við framhaldsskóla eru ætlaðar nemendum með sértækar þjónustubarfir og langflestir framhaldsskólar bjóða upp á slíkar brautir.

Jafnrétti er einn grunnþátta menntunar í aðalnámskrám á öllum skólastigum, ásamt mannréttindum, lýðræði, sjálfbærni, sköpun og heilbrigði og velferð. Í hverjum grunnskóla starfar forvarnarteymi sem skal tryggja kennslu í öllum árgöngum um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni sem hæfir aldri og proska nemenda.

Konur hafa að meðaltali verið um 60% nemenda í háskólum landsins frá því fyrir aldamótin. 2023 stóð ráðuneyti háskólamála fyrir átaki undir yfirskriftinni „Heimurinn stækkar í háskóla“. Markmið átakingarinnar var að hvetja ungt fólk, sérstaklega stráka, til að skrá sig í háskóla. Kynningarátakið var sett af stað sem viðbrögð við því að einungis um þriðjungur íslenskra karla á aldrinum 25-34 ára hafa lokið háskólanámi, auk þess sem könnun á framvindu og viðhorfi nemenda í framhaldsskólum sýndi áberandi mun á áformum kynjanna þegar kemur að háskólanámi.

I. Réttur til heilsu

Ný lög um réttindi sjúklinga m.t.t. banns á beitingu nauðungar voru samþykkt 19. júní 2026. Frumvarpið var byggt á notendasamráði og á grundvelli samningsins um réttindi fatlaðs fólks.

Í þingsályktun um aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum fyrir árin 2023–2027 eru aðgerðir sem tryggja aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu, m.a. með því að rýna þjónustuferla innan geðheilbrigðisþjónustunnar til að bæta þjónustu og samfelli í þjónustuveitingu. Úrbætur í þjónustu við fólk á einhverfurófi var sett í forgang og er sú vinna í gangi.

Í samræmi við aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum til ársins 2030 er lögð áhersla á batamiðaða og notendamiðaða geðheilbrigðisþjónustu. Áhersla er á aukna þátttöku notenda í ákvarðanatöku, valdeflingu, jafningjastuðning og aukið aðgengi að þjónustu og stuðningi í nærumhverfi fólks út fráþörfum notenda og aðstandenda.

Frá árinu 2023 hefur Geðráð starfað sem samráðsvettvangur ráðuneytisins og helstu haghafa á sviði geðheilbrigðismála, þar á meðal notenda og aðstandenda og hefur fólk með notendareynslu í auknum mæli tekið þátt í stefnumótun og samráðshópum innan ráðuneytisins auk þess sem jafningjastuðningu hefur verið aukinn á landsvísu.

Lögð er áhersla á vandaða og hlutlæga upplýsingagjöf þannig að foreldrar geti tekið upplýsta ákvörðun um hvort þeir kjósa að þiggja slíkar rannsóknir. Fósturskimanir eru valkvæðar fyrir öll og byggja á upplýstu samþykki verðandi foreldra. Skimanir eru meðal annars notaðar til að leita að litningafrávikum og öðrum frávikum í sköpulagi fósturs. Lögð er áhersla á vandaða og hlutlæga upplýsingagjöf þannig að foreldrar geti tekið upplýsta ákvörðun um hvort þeir kjósa að þiggja slíkar rannsóknir. Eftir að lög um þungunarrof nr. 43/2019 tóku gildi er ekki lengur gerður greinarmunur á grundvelli fötlunar þegar kemur að rétti til þungunarrofs. Við þróun og framkvæmd fósturskimana er jafnframt tekið mið af mannréttindum, sjálfsákvörðunarrétti og þeim sjónarmiðum sem leiða af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

J. Börn og fjölskyldur

Íslensk stjórnvöld hafa unnið markvisst að innleiðingu samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, með bættri löggjöf, aðgerðaáætlunum og styrkveitingum til félagasamtaka í þágu farsældar barna.

Stjórnvöld settu fram stefnu og aðgerðaáætlun um Barnvænt Ísland árið 2021. Á gildistíma stefnunnar, 2021–2024, var ráðist í fjölmargar aðgerðir til að styrkja réttindi barna, auka þátttöku þeirra og stuðla að samræmdri stefnumótun í málaflokknum. Stýrihópur Stjórnarráðsins í málefnum barna var festur í sessi sem formlegur samráðs- og samræmingarvettvangur ráðuneyta, opnað var mælaborð um farsæld barna með aðgengilegum upplýsingum um stöðu og velferð barna og komið á formlegu verklagi til að tryggja að niðurstöður barnaþings umboðsmanns barna nýtist við stefnumótun og ákvarðanatöku stjórnvalda. Stýrihópurinn fylgdi eftir framkvæmd stefnunnar og gaf út lokaskýrslu í maí 2025 þar sem fram kemur að í 85% aðgerðanna hafi verið lokið eða þær komnar til framkvæmda.

Samhliða innleiðingu barnasáttmálans hefur verið lögð áhersla á heildstæða stefnumótun um málefni barna og samþættingu þjónustu. Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

tóku gildi árið 2022 og eiga að tryggja öllum börnum aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Lögin taka til þjónustu á sviði menntunar, heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu, barnaverndar, þjónustu við fötluð börn og verkefna lögreglu. Innleiðing laganna hefur verið fest í sessi með uppbyggingu tengiliðakerfis, málstjóra, stuðningsteyma og svæðisbundinna farsældarráða, auk fræðslu og stuðnings við þjónustuveitendur um allt land. Reglubundið eftirlit, stöðumat og skýrslugjöf hafa jafnframt verið nýtt til að fylgjast með framvindu og miðla reynslu af innleiðingunni.

Stjórnvöld hafa gripið til lagabreytinga til að efla réttindi barna. Undanþáguheimild til hjúskapar fyrir einstaklinga yngri en 18 ára var afnumin og breytingar gerðar á æskulýðslögum, íþróttalögum og lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla til að styrkja þátttöku barna í stefnumótun og auka skyldu stjórnvalda til að taka mið af sjónarmiðum þeirra. Breytingar á barnalögum sem tóku gildi árið 2022 styrktu enn frekar rétt barna til þátttöku, með því að veita börnum heimild til að hafa frumkvæði að því að sýslumaður boði foreldra til samtals um forsjá, búsetu og umgengni. Þá var réttur barna til að tjá skoðanir sínar í málum sem þau varða aukinn.

Réttur barna til þátttöku hefur verið styrktur með öðrum aðgerðum. 2024 gaf mennta- og barnamálaráðuneytið út leiðarvísi um hagsmunamat út frá réttindum barna í stefnumótun stjórnvalda. Leiðarvísirinn skal tryggja að áhrif ákvarðana á börn og réttindi þeirra séu metin markvisst og börn fái tækifæri til þátttöku í málum sem þau varða. Leiðarvísirinn var unninn í samstarfi við umboðsmann barna og stefnt er að innleiðingu hans í öllum ráðuneytum. Auk þess var réttur barna til þátttöku var styrktur með breytingum á æskulýðslögum, íþróttalögum og lögum um leik- grunn- og framhaldsskóla.

Stjórnvöld leggja áherslu á virðingu fyrir fjölbreytileika fjölskyldna. Gerðar hafa verið breytingar á barnalögum varðandi foreldrastöðu trans fólks sem miða að því að vernda hin ýmsu fjölskyldumynstur og stuðla að virðingu fyrir mismunandi fjölskyldum.

Vernd barna

Á sviði heilbrigðisþjónustu er unnið að fjölbreyttum umbótaverkefnum sem miða að því að bæta aðgengi barna að þjónustu, með greiningu þjónustuferla í geðheilbrigðisþjónustu barna og ungmenna, þróun stafrænna lausna fyrir tilvísanir og biðlista, stöðlun greiningarferla, styrkingu þjónustu Geðheilsúmiðstöðvar barna og Heilsuskóla Landspítala og stefnumótun um skólaheilsugæslu og snemmtæka íhlutun.

Heilbrigðisráðuneytið hefur unnið að því að styrkja aðgengi barna að sérhæfðri heilbrigðisþjónustu óháð búsetu. Þar má nefna þróun samræmdra klínískra leiðbeininga og verkfæra vegna ofbeldis gegn börnum, sem ætlað er að tryggja sambærileg viðbrögð og þjónustu um land allt. Verið er að þróa skimun fyrir ofbeldi innan skólaheilbrigðisþjónustu með það að markmiði að efla snemmtæka greiningu, bæta tilvísunarleiðir og tryggja viðeigandi eftirfylgd. Þá stendur yfir uppbygging Bryndísarhlíðar, ofbeldis- og áfallamiðstöðvar Landspítala sem ætlað er að veita samþætta og sérhæfða þjónustu fyrir börn og fjölskyldur þeirra á landsvísu. Með verkefninu er stefnt að því að bæta aðgengi að áfallamiðaðri þjónustu, efla samvinnu milli heilbrigðisþjónustu, barnaverndar og annarra þjónustukerfa og draga úr ójöfnuði í aðgengi að sérhæfðri þjónustu.

Í skýrslu um heilbrigðisþjónustu við börn sem þolendur ofbeldis „Börn eru ekki litlir fullorðnir“, sem birt var árið 2024, er að finna tillögur sem miða að því að tryggja að börn fái viðunandi aðstoð og þjónustu. Í kjölfarið hefur verið unnið að umfangsmikilli uppbyggingu sérhæfðrar þjónustu fyrir börn sem hafa orðið fyrir ofbeldi eða búa við afleiðingar þess.

Unnið hefur verið að innleiðingu samræmdra verklagsreglna og klínískra verkfæra til að styðja við greiningu og viðbrögð við ofbeldi gegn börnum innan heilbrigðiskerfisins. Þar má nefna stöðluð matstæki vegna gruns um líkamlegt ofbeldi gegn ungum börnum, leiðbeiningar um áhættuþætti og verklag um tilkynningar, skráningu og eftirfylgd í samstarfi við barnavernd og Barnahús.

Verið er að þróa landsbundna skimun fyrir ofbeldi meðal barna innan skólaheilbrigðisþjónustu. Markmið verkefnisins er að efla snemmtæka greiningu, bæta tilvísunarleiðir og tryggja áfallamiðaða eftirfylgd. Verkefnið byggir á samstarfi heilbrigðisþjónustu, skólakerfis, barnaverndar og annarra þjónustuaðila og styður þannig við markmið stjórnvalda um samþætta þjónustu í þágu barna. Unnið hefur verið markvisst að innleiðingu tillagnanna og stórum hluta þeirra verið hrint í framkvæmd

2024 voru kynntar aðgerðir stjórnvalda gegn ofbeldi meðal barna. Um er að ræða tveggja ára aðgerðaáætlun sem miðar að því að sporna við þróun í átt að auknu ofbeldi, auka forvarnarstarf og leiða saman fjölbreytta þjónustu- og viðbragðsaðila.

Framkvæmdaáætlun í barnavernd fyrir 2023-2027 er fylgt eftir með markvissum hætti. Þar eru aðgerðir sem miða að því að veita börnum sem verða fyrir ofbeldi, þar á meðal fötluðum börnum, viðeigandi stuðning. Við framkvæmd áætlunarinnar er tekið mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Til að tryggja framkvæmd og eftirfylgni aðgerða var skipaður starfshópur til að fylgjast með framvindu verkefna, meta stöðu þeirra og upplýsa viðeigandi aðila um framkvæmd.

Í mars 2025 var undirritað samkomulag ríkisins við Samband íslenskra sveitarfélaga um breytta ábyrgðarskiptingu í málefnum barna með fjölpættan vanda. Ríkið tekur að sér framkvæmd og ber ábyrgð á fjármögnun sérhæfðrar þjónustu við börn með fjölpættan vanda sem búsett eru utan heimilis. Fyrirkomulag og innihald þjónustu við börn með fjölpættan vanda hefur lengi verið umfjöllunarefni í samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

K. Fatlað fólk

Stjórnvöld hafa markvisst unnið að því að bætta réttindi fatlaðs fólks, m.a. með bættri löggjöf, aðgerðaáætlunum og styrkjum til hagaðila sem vinna að málaflokknum. Samningur Sameinuðu þjóðanna um fatlað fólk var lögfestur í nóvember 2025 og valfrjáls bókun við samninginn var fullgilt í júní 2026.

Landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024-2027 var samþykkt á Alþingi árið 2024 en markmið hennar er að koma í framkvæmd ákvæðum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem er liður í innleiðingu og lögfestingu samningsins hér á landi. Í landsáætluninni eru margar aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir mismunun gegn fötluðu fólki. Þar er aðgerð sem miðar að því að auka vernd fatlaðs fólks og sérstaklega fatlaðra kvenna og kvára gegn ofbeldi. Í áætluninni er sérstök áhersla lögð á að vinna gegn

staðalímyndum og fordómum og sýnileika og þátttöku fatlaðs fólks á öllum sviðum samfélagsins, m.a. fjölmiðlun.

Ný heildarlög um réttindavernd fatlaðs fólks voru samþykkt í júní 2026, þau eiga að tryggja fötluðu fólki viðeigandi stuðning við vernd hvers konar réttinda og stuðla að bættu jafnrétti og aðgengi í þjónustu við fatlað fólk og tryggja að sjálfsákvörðunarréttur fatlaðs fólks sé virtur og fyllsta réttaröryggis gætt þegar brýna nauðsyn ber til að grípa inn í líf þess.

Í lögum má finna ýmis ákvæði sem miða að því að tryggja fötluðum börnum þá umönnun og þjónustu sem þau þurfa. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir skal tryggja að fötluð börn fái nauðsynlega þjónustu svo þau geti notið mannréttinda og mannhelgi til jafns við önnur börn, lífað sjálfstæðu lífi og tekið þátt í samfélaginu án aðgreiningar. Þá skulu fötluð börn hafa raunverulegan aðgang að og njóta menntunar, þjálfunar, starfsundirbúnings og tómstunda. Einnig má nefna að umönnunarbætur eru greiddar til foreldra fatlaðra barna.

Í landsáætlun um innleiðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks fyrir árin 2024 til 2027 eru aðgerðir sem miða að því að bæta þjónustu við fötluð börn, þar á meðal aðgerð um styttri bið eftir þjónustumati.

Í landsáætlun gegn kynbundnu ofbeldi gagnvart konum 2026-2030 er áhersla lögð á að aðgerðirnar taki mið af fjölþættri mismunun og unnið sé markvisst að umbótum í þágu kvenna sem tilheyra jaðarsettum hópum. Í áætluninni er aðgerð um fatlað fólk og kynheilbrigði með það að markmiði að fatlað fólk fái fræðslu og stuðning varðandi eigin kynhegðun og þekki rétt sinn í nánnum samskiptum við aðra.

Oft hefur reynst erfiðara fyrir jaðarsetta hópa að sækja réttindi sín þó lagalega sitji allir við sama borð varðandi aðgang að réttarkerfinu. Er því leitast við að tryggja þessum hópum aðstoð við að leita réttar síns auk þess sem áhersla hefur verið lögð á fræðslu innan réttarvörslukerfisins um málefni fatlaðs fólks.

Mennta- og starfþróunarsetur lögreglunnar hefur haldið námskeið sem varða málefni fatlaðs fólks, m.a. um skýrslutökur af krefjandi sakborningum. Málefni fatlaðs fólks er sérstakur málslíður í námskeiðum um rannsókn kynferðisbrota og rannsókn sakamála. Dómstólasýslan hefur boðið dómurum og öðru starfsfólki dómstóla upp á fræðslu þar sem fjallað er um málefni fatlaðs fólks, þar á meðal um réttarvörslukerfið út frá samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

L. Innflytjendur, flóttafólk og fólk í leit að alþjóðlegri vernd

Réttindi umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks eru vel skilgreind og tryggð í íslenskum lögum. Öllum umsækjendum um vernd er tryggt fæði, húsnæði og heilbrigðisþjónusta og börnum tryggð menntun. Að auki er umsækjendum tryggð þjónusta talsmanna vegna málsmeðferðar. Flóttafólki er tryggð félagsleg aðstoð sem er sambærileg við það sem innlendir njóta. Þá eru í gildi sérstakir samningar ríkis og sveitarfélaga sem tryggja flóttafólki viðbótarstuðningsþjónustu fyrstu þrjú ár búsetu sinnar á Íslandi.

Með samningum við 14 sveitarfélög (sem ná til 85% íbúa landsins) um móttöku flóttafólks er unnið að því að styrkja aðgengi flóttafólks að grunnþjónustu og aðstoða þau við aðlögun að nýju samfélagi.

Meginreglan um að vísa fólki ekki brott þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu (non-refoulement) er lögfest í lögum um útlendinga. Þá er Ísland bundið af meginreglunni samkvæmt skuldbindingum í ýmsum alþjóðlegum mannréttindasamningum, svo sem flóttamanna-samningnum.

Ísland samþykkti alþjóðasamþykkt um örugga, skipulagða og reglubundna fólksflutninga árið 2018. Stjórnvöld leggja áherslu á að stefnumótun og löggjöf sem snerta málefni farenta og innflytjenda styðji við markmið alþjóðasamþykktarinnar og að hún samræmist gildandi löggjöf sem snúa að markmiðum samþykktarinnar. Til skoðunar er hvort íslensk stjórnvöld taki þátt í næstu úttekt IMRF.

Þegar einstaklingur sækir um alþjóðlega vernd hér á landi er það á ábyrgð Útlendingastofnunar og Kærufélagar útlendingamála að meta hvort viðkomandi eigi að fá alþjóðlega vernd eða hvort vísa eigi honum úr landi. Við rannsókn er litið til frásagnar umsækjanda, gagna sem hann leggur fram og til þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um aðstæður í viðtökuríki hans, t.d. skýrslur og gögn alþjóðlegra samtaka, frjálsra félagasamtaka og annarra ríkja. Við slíkt mat taka stjórnvöld m.a. afstöðu til þess hvort synjun umsóknar muni brjóta gegn 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 42. gr. laga um útlendinga. Öll mál eru skoðuð og metin á einstaklingsbundnum grundvelli með tilliti til aðstæðna hvers og eins. Í þeirri málsmeðferð njóta allir umsækjendur þjónustu löglærðs talsmanns á báðum stjórnsýslustigum þeim að kostnaðarlausu.

Áhersla hefur verið lögð á að tryggja réttindi barna af erlendum uppruna, flóttabarna og barna í leit að alþjóðlegri vernd. Sérstakur stýrihópur um börn af erlendum uppruna vinnur að því að tryggja réttindi þessara hópa. Útlendingastofnun hefur innleitt sérstakar verklagsreglur um mat á hagsmunum barna sem sækja um alþjóðlega vernd og starfsfólk fær reglulega þjálfun í viðtölum við börn. Í gildi er sérgreint verklag vegna fylgdarlausra barna sem unnið hefur verið í samstarfi við Barna- og fjölskyldustofu.

Stýrihópur um börn af erlendum uppruna vinnur að því að tryggja réttindi barna í leit að alþjóðlegri vernd og flóttabarna. Verklagsreglur um mat á hagsmunum barna sem sækja um alþjóðlega vernd hafa verið innleiddar hjá Útlendingastofnun og starfsfólk fær þjálfun og reglulega endurmenntun í því að taka viðtöl við börn. Auk þess er í gildi sérgreint verklag vegna fylgdarlausra barna sem unnið var í samstarfi við Barna- og fjölskyldustofu. Í móttöku flóttafólks er lögð áhersla á að tryggja samfelldan aðgang barna að skólagöngu og annarri þjónustu.

Ríkisfangslaus börn og börn sem hafa hlotið alþjóðlega vernd sem hafa haft fasta búsetu og dvalist hér á landi samfelld í þrjú ár hið minnsta öðlast íslenskan ríkisborgararétt með því að tilkynna Útlendingastofnun þá ósk sína fyrir 21 árs aldur.

Sá sem telst ríkisfangslaus samkvæmt ákvæðum laga um útlendinga og hefur haft fasta búsetu hér í fimm ár getur sótt um veitingu ríkisborgararéttar til Útlendingastofnunar. Um er að ræða heimildir sem færðar voru í lög með lög um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt og barnalögum og byggði breytingin á samningi Sameinuðu þjóðanna frá 1961 um að draga úr ríkisfangsleysi, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og Evrópusamningi um ríkisborgararétt.

Á Íslandi eru tímabundin atvinnuréttindi einstaklinga bundin við vinnuveitanda. Ekki eru gefin út tímabundin atvinnuréttindi fyrir tiltekna tegund vinnu. Markmiðið með því að binda réttindin við vinnuveitanda er að koma í veg fyrir misnotkun á starfsfólki. Fyrirtækjum ber skylda að leggja fram upplýsingar um ráðningarkjör og eru ábyrg fyrir starfsfólki. Þannig er tryggt að farið sé eftir gildandi kjarasamningum og lögum sem gilda á vinnumarkaði.

Vinnumálastofnun starfrækir sérhæfða þjónustu sem styður innflytjendur á atvinnuleysisskrá við atvinnuleit og þátttöku á vinnumarkaði. Ráðist hefur verið í sérstök úrræði fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu og þá sem þurfa atvinnu með stuðningi. Áhersla hefur verið lögð á snemmtæka íhlutun til að koma í veg fyrir langvarandi atvinnuleysi. Þá hefur verið þróað sérstakt vinnumiðlunarverkefni fyrir flóttafólk sem sameinar starfsþjálfun og starfstengda íslenskukennslu til að auðvelda þátttöku á vinnumarkaði.

Í framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum 2026–2029 er gert ráð fyrir rannsókn á launamun og stöðu innflytjendakvenna á vinnumarkaði. Markmiðið er að greina hvort munur sé á stöðu innfæddra kvenna og innflytjendakvenna, varðandi launakjör og þátttöku á vinnumarkaði, og hvort innflytjendakonur verði fyrir margbættri mismunun í samanburði við karla og aðra hópa.

M. Viðskipti og mannréttindi

Verið er að ljúka vinnu við nýja landsáætlun um viðskipti og mannréttindi, í samræmi við leiðbeinandi meginreglur Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi. Ferlið við að móta áætlunina er í samræmi við leiðbeinandi meginreglur Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi.

Ný markaðssetningarlög tóku gildi í maí 2026 þar sem kveðið er á um að atvinnurekendur skulu viðhafa góða markaðshætti að teknu tilliti til neytenda, atvinnurekenda og almennra samfélagshagsmuna. Ákvæðið verndar neytendur enn fremur gegn viðskiptaháttum sem brjóta gegn líkamlegri og andlegri friðhelgi einstaklingsins og friðhelgi einkalífs, eru uppáþrengjandi, fela í sér misnotkun, valda óþægindum eða eru á annan hátt meiðandi. Einnig getur verið um að ræða viðskiptahætti sem stríða gegn samfélagslegri ábyrgð, mismuna eða hvetja til haturs á grundvelli þjóðernisuppruna, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, kynhneigðar eða kynvitundar.

N. Mannréttindi og umhverfið

2023 fól forsætisráðherra sérfræðingum í mannréttindum að vinna greinargerð um hvort þörf væri á breytingum á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar. Í greinargerðinni var m.a. lagt til að nýju ákvæði um umhverfisvernd yrði bætt við stjórnarskrá, þar sem kveðið verði á um að öllum verði tryggður í lögum réttur til heilnæms umhverfis og náttúru. Tillögurnar eru til skoðunar í forsætisráðuneytinu.

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum var samþykkt 2024 og inniheldur hún aðgerðir sem miða að því vinna gegn neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga. Upplýsingavef um áætlunina, CO2.is, er ætlað að auka aðgengi almennings og fagfólks að upplýsingum um aðgerðirnar og stöðu þeirra. Fyrsta aðlögunaráætlun vegna áhrifa loftslagsbreytinga var samþykkt og birt í desember 2025. Áætlunin byggir á viðamiklu samráðsferli þvert á málaflokkka. Umhverfis-, orku- og

loftslagsráðherra undirritaði yfirlýsingu um aðgerðir í þágu barna, ungmenna og loftslagsmála 16. nóvember 2024.

Áhersla er lögð á rannsóknir á súrnun sjávar, m.a. gegnum Hafrannsóknastofnun. Áhersla er lögð á að vakta breytingar á hafstraumakerfum í Atlantshafi og skipaður hefur verið starfshópur til að draga saman þekkingu vegna þess máls.

Í ferli er innleiðing Evrópulöggjafar um flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar og tengdar gerðir sem munu stuðla að þverfaglegri lagaumgjörð. Markmið flokkunarkerfisins er að samræma skilgreiningu á sjálfbærri atvinnustarfsemi.

Markmið almannavarna er að takast á við vá, þar á meðal á völdum náttúruhamfara. Veðurstofa Íslands er með virka vöktun vegna náttúruvár allan sólarhringinn og gerir almannavörnum viðvart vegna yfirvofandi hættu. Áhættuskoðun almannavarna greinir þær áhættur sem almannavanir þurfa að takast á við og hefur fjöldi viðbragðsáætlana verið gefinn út. 2023 var gefin út skýrsla um stöðumat og áskoranir varðandi mat og endurmótun á tilhögun hættumats og vöktunar vegna náttúruvár.